

Eintak án trúnaðarupplýsinga

Ákvörðun nr. 9/2024
Fimmtudaginn 2. maí 2024

Kaup Ardian á Verne Global hf. o.fl.

- Þann 21. desember 2023 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup félagsins Jules I Ltd., sem er í eigu sjóða undir yfirráðum Ardian France SA („Ardian“), á félaginu Verne Global DC HoldCo Limited o.fl. féлага, m.a. dótturfélagið Verne Global hf. („Verne“). Með tilkynningunni fylgdi styttri samrunaskrá í samræmi við a-lið 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga og reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 1390/2020.
- Þann 5. janúar 2024 tilkynnti Samkeppniseftirlitið að samrunatilkynningin teldist fullnægjandi og byrjuðu því frestir til að rannsaka samrunann að líða þann 22. desember 2023. Tilkynningin var veitt með fyrirvara um réttmæti þess að skilyrði a-liðar 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga teldust uppfyllt, þ.e. að samrunaaðilar starfi á ótengdum mörkuðum.
- Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yfirráðum til frambúðar. Eftir kaupin mun Ardian fara með yfirráð yfir Verne. Er því um að ræða samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga og þar sem veltumörk eru uppfyllt var samruninn tilkynntur til Samkeppniseftirlitsins.
- Við meðferð málsins aflaði Samkeppniseftirlitið frekari upplýsinga hjá samrunaaðilum, óskaði eftir upplýsingum og umsögnum frá hagaðilum, svo sem keppinautum og birgjum. Þá var óskað eftir umsögn frá Fjarskiptastofu.
- Með bréfi dags. 29. janúar 2024 upplýsti Samkeppniseftirlitið samrunaaðila um frekari rannsókn samrunans. Í bréfinu var rakið að Samkeppniseftirlitið hafi upplýst samrunaaðila um að samrunatilkynning málsins teldist fullnægjandi með fyrirvara um að það væri rétt að Míla ehf. (hér eftir „Míla“), sem er undir yfirráðum annars sjóðs sem jafnframt er undir yfirráðum Ardian, starfaði á markaði ótengdum þeim markaði sem Verne starfaði á. Samkeppniseftirlitið hafi aflað umsagna hagaðila þar sem komið hafi fram að þeir markaðir sem félögin störfuðu á væru ekki ótengdir heldur raunar svo tengdir að erfitt væri að slíta á milli þeirra í umfjöllun. Upplýsti Samkeppniseftirlitið samrunaaðila um að vísbendingar væru um að Míla og Verne starfi á tengdum mörkuðum og væri þá einkum um að ræða markaði fyrir gagnaver annars vegar og markað eða markaði fyrir gagnaflutningsþjónustu hins vegar. Með bréfinu var jafnframt óskað eftir tilteknum upplýsingum. Þær upplýsingar bárust með bréfi dags. 9. febrúar 2024.
- Hinn 5. mars 2024 sendi Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum bréf þar sem félögin voru upplýst um að rannsókn og meðferð málsins væri formlega lokið. Samkeppniseftirlitið myndi ekki aðhafast frekar vegna samrunans en ítarlegri ákvörðun um rannsóknina og forsendur yrði birt síðar.

1. Um fyrirtækin og samrunann

- Í samrunaskrá kemur fram að Ardian sé sjóðastýringafyrirtæki sem leggi áherslu á innviðafjárfestingar. Ardian hafi verið stofnað árið 1996 og sé með höfuðstöðvar í París í Frakklandi, átta aðrar skrifstofur í Vestur-Evrópu og fimmtán á heimsvísu. Ardian hafi um það bil 800 starfsmenn og sé með um 150 milljarða Bandaríkjadala í stýringu. Ardian fari með óbein yfirráð yfir nokkrum fyrirtækjum sem hafi starfsemi og/eða viðskiptavinum á



Íslandi, en eignarhald þessara fyrirtækja sé innan annarra sjóða sem Ardian stýri. Þá segir að Míla sé eina fyrirtækið innan Ardian samstæðunnar sem sé skráð og staðsett á Íslandi. Þá kemur fram í samrunaskrá að ekkert fyrirtæki innan Ardian samstæðunnar sé starfandi á markaði fyrir gagnaver á Íslandi.

8. Í samrunaskrá kemur fram að Verne sé fyrirtæki á gagnaversmarkaði, þ.e. starfsemi félagsins feli í sér hýsingarþjónustu, sem í einhverjum tilfellum sé blönduð við gagnaflutning og skýjainnviðþjónustu í gegnum gagnaver. Þá hafi félagið boðið upp á ýmsa viðbótarþjónustu sem veitt sé í beinum tengslum við hýsingarþjónustuna, s.s. Smart Hands þjónustu sem feli í sér uppsetningu, prófun, lagningu strengja, flutningaþjónustu, gagnavörslu og gagnaendurheimt, eftirlit, ýmis hugbúnaðarleyfi og vélbúnaðarþjónustu. Starfsemi Verne á Íslandi sé takmörkuð við starfsemi Verne Global hf., sem sé dótturfélag Verne Global DC HoldCo Limited, sem sé eitt af þeim félögum sem verið sé að kaupa á grundvelli kaupsamningsins. Starfsemi Verne á Íslandi samanstandi af hýsingarþjónustu auk tilfallandi viðbótarþjónustu, s.s. innviði sem þjónustu (e. *Infrastructure as a service* eða „IaaS“), Smart Hands þjónustu, eftirlit og vélbúnaðarþjónustu í gagnaveri að Ásbrú í Reykjanesbæ.

2. Markaður málsins og markaðshlutdeild

9. Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna samkvæmt 17. gr. c samkeppnislaga er nauðsynlegt að skilgreina þann markað sem samrunaaðilar starfa á. Samkvæmt 4. gr. laganna er markaður skilgreindur sem sölusvæði vöru og staðgönguvöru eða þjónustu og staðgönguþjónustu. Staðganga er þegar vara eða þjónusta getur að fullu eða verulegu leyti komið í stað annarrar vöru eða þjónustu. Með hliðsjón af hagfræðilegum rökum þarf að líta á viðkomandi markað út frá a.m.k. tveimur sjónarmiðum; annars vegar vöru- eða þjónustumarkaði og hins vegar landfræðilegum markaði. Hafa ber þó í huga að markaðsskilgreiningar í samkeppnisrétti geta ekki orðið nákvæmar og eru aðeins notaðar til viðmiðunar.

Sjónarmið samrunaaðila

10. Samrunaaðilar vísa til þess að starfsemi Verne á Íslandi sé bundin við starfsemi á markaði fyrir hýsingarþjónustu sem veitt sé af hálfu ótengdra gagnavera („markaður fyrir gagnaver“ eða „gagnaversmarkaðurinn“) og takmarkaðrar viðbótarþjónustu.
11. Vísa samrunaaðilar til þess að Ardian hafi ekki með höndum starfsemi á markaði fyrir gagnaver héraðs og því sé ekki um að ræða markað þar sem áhrifa samrunans gæti að mati samrunaaðila. Samkeppniseftirlitið hafi fjallað um markaðinn fyrir gagnaver í ákvörðun þess frá 17. júlí 2018 í máli nr. 23/2018, *Samruni Opinna kerfa hf., Sýn hf., Korputorgs ehf., Reiknistofu bankanna hf. og RKF ehf.* Samrunaaðilar þess máls töldu að sá markaður einkenndist af þjónustu sem fæli í sér leigu á rými sem henti fyrir tækjabúnað leigutaka. Samkeppniseftirlitið hafi ekki gert athugasemdir við skilgreiningu samrunaaðila á gagnaversmarkaði. Þá vísa samrunaaðilar til þess að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hafi skilgreint gagnaversmarkaðinn sem markað fyrir hýsingarþjónustu sem veitt sé af hálfu ótengdra gagnavera (e. colocation services provided by third party data centres), sbr. ákvörðun þess í máli nr. M.9843 *Colony Capital/PSP/NGD*. Hafði framkvæmdastjórnin áður greint þann markað frá starfsemi sem feldist í eigin gagnaverum fyrirtækja (e. in-house data centres), sem tilheyrir þá sérstökum markaði, sbr. ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í máli nr. M.7678, *EQUINIX/TELECITY*.
12. Í samrunaskrá er einnig umfjöllun um markað fyrir gagnaflutningsþjónustu undir kaflanum um aðra markaði sem eru tengdir óbeint. Vísa samrunaaðilar til þess að hugbúnaðarútvistun og gagnaflutningsþjónusta í smásölu til fyrirtækja væru lóðrétt tengdir markaðir. Að því er varðar markað fyrir gagnaflutningsþjónustu í smásölu þá hafi framkvæmdastjórn Evrópusambandsins talið að í þeim markaði feldist fjarskiptaþjónusta sem keypt sé af stórum fyrirtækjum í þeim tilgangi að tryggja gagnaflutning á milli staða, sbr. ákvörðun í máli nr.



M.8864, VODAFONE/CERTAIN LIVERTY GLOBAL ASSETS. Vísa samrunaaðilar til þess að Míla bjóði upp á svokallaða hraðbraut sem felldi í sér gagnaflutning á milli tiltekinna gagnavera sem leiði til höfuðborgarsvæðisins. Smásalar fjarskiptaþjónustu tryggja sér þannig tiltekna bandvídd sem þau geti selt til fyrirtækja sem vilji að gögn þeirra tengist svæðum á höfuðborgarsvæðinu.

13. Að því er varðar landfræðilegan markað málsins vísa samrunaaðilar til þess að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hafi í framkvæmd talið markaðinn landfræðilega afmarkaðan við tiltekin svæði sem afmarkist af 50 km radíus í kringum borgarsvæði. Hefur mat framkvæmdastjórnarinnar einkennst af því að viðskiptavinir leggi áherslu á tiltekin borgarsvæði m.a. af hagkvæmnisástæðum, sbr. ákvörðun í máli nr. M.9843 Colony Capital/PSP/NGD. Það er mat samrunaaðila að þau sjónarmið sem velt var upp í tilvitnaðri ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins eigi ekki fyllilega við íslenskar markaðsaðstæður. Þrátt fyrir að flest gagnaver landsins séu staðsett á suðvesturhorni landsins standi því ekkert í vegi fyrir gagnaver annarsstaðar á landinu að veita þeim gagnaverum samkeppni á markaði. Þannig reki Borealis t.d. gagnaver á Blönduósi. Er það mat samrunaaðila að markaðurinn afmarkist líklega við landið allt, en telji þó að landfræðileg afmörkun markaðarins komi ekki til með að hafa áhrif á mat á áhrifum samrunans.

Mat Samkeppniseftirlitsins

14. Samkeppniseftirlitið hefur áður tekið markað fyrir gagnaver til skoðunar, sbr. fyrrgreinda ákvörðun nr. 23/2018.¹ Í málinu gerði Samkeppniseftirlitið ekki athugasemd við mat samrunaaðila þess máls, að til væri sérstakur gagnaversmarkaður, þ.e. þjónusta í formi leigu á rými sem henti fyrir tækjabúnað leigutaka.
15. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur einnig tekið gagnaversmarkaðinn til skoðunar, sbr. mál nr. M.9843 Colony Capital/PSP/NGD eins og samrunaaðilar vísa til. Í málinu komst framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að gagnaversmarkaðinn mætti skilgreina sem markað fyrir hýsingarþjónustu sem veitt er af hálfu ótengdra gagnavera (e. colocation services provided by third party data centres excluding in-house data centres). Með ótengdu gagnaveri er þá átt við að þar undir falli ekki eigin gagnaver fyrirtækja.
16. Hvað landfræðilegan markað varðar féllst Samkeppniseftirlitið á það mat samrunaaðila, í ákvörðun þess nr. 23/2018, að markaður fyrir gagnaver væri alþjóðlegur. Var einkum vísað til þess að mikill meirihluti viðskiptavina við gagnaverin sem starfrækt séu hér á landi séu erlendir aðilar. Þá væru helstu keppinautar, fyrir utan innlendu gagnverin, erlend gagnaver og sé samkeppnin þar mikil. Líkt og samrunaaðilar hafa bent á hefur landfræðilegur markaður í erlendri framkvæmd verið afmarkaður við tiltekin svæði sem afmarkist af 50 km radíus í kringum borgarsvæði, sbr. áður nefnda ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í máli nr. M.9843 Colony Capital/PSP/NGD.
17. Samkeppniseftirlitið getur hins vegar tekið undir það með samrunaaðilum að gagnaver á landinu öllu virðast geta veitt hvert öðru samkeppni. Í málinu liggja ekki fyrir upplýsingar um verð eða viðskiptakjör sambærilegrar þjónustu í gagnverum erlendis, en séu þau nægilega sambærileg gætu erlend gagnaver einnig veitt samkeppnislegt aðhald og samkeppnishæfa þjónustu til viðskiptavina gagnavera hérlendis sem í mörgum tilvikum eru erlendir aðilar eins og áður sagði. Landfræðilegur markaður málsins er því líklega að minnsta kosti landið allt en ekki er þörf á að taka endanlega afstöðu til þess, m.t.t. áhrifa samrunans og niðurstöðu málsins að mati Samkeppniseftirlitsins.
18. Líkt og rakið er að framan er Míla er eina fyrirtækið innan Ardian samstæðunnar sem er skráð og staðsett á Íslandi. Fjallað var nokkuð ítarlega um starfsemi Mílu í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 16/2023, *Kaup Ardian á öllu hlutafé í Mílu ehf. af Símanum hf.* Í ákvörðuninni kemur m.a. fram að Míla starfi á flestum eða öllum heildsölumörkuðum fjarskiptaþjónustu hérlendis. Í samrunaskrá er umfjöllun um mögulega

¹ Sjá einnig til hliðsjónar ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2023.



fjarskiptamarkaði þar sem áhrifa samrunans kann að gæta ekki ítarleg og markaðir ekki sundurgreindir frekar í samræmi við fyrri fordæmi hérlendis.

19. Í ljósi samrunaskrár og fyrirbyggjandi gagna er ljóst að um er að ræða samruna sem getur haft lóðrétt áhrif sem og samsteypuáhrif. Með hliðsjón af framangreindu gerir Samkeppniseftirlitið ekki athugasemdir við skilgreiningu samrunaaðila á markaði fyrir gagnaver. Í ljósi starfsemi Ardian og Mílu hérlendis fyrir samruna félaganna er ljóst að þær fjarskiptavörur sem snerta gagnaver og fjarskiptaþjónustu sem veitt er viðskiptavinum í gagnaverum, falla undir þá fjarskiptamarkaði sem hafa verið skilgreindir sem heildsölumarkaður fyrir leigulínur (með mögulegri aðgreiningu eftir stofnlínuhluta og lúkningarluta), og heildsölumarkað fyrir útlandatengingar.
20. Í fyrri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2016, *Kvörtun Fjarskipta hf. vegna Farice ehf.* var gerður greinarmunur á heildsölumarkaði fyrir útlandatengingar (heildsala á gagnaflutningsþjónustu til og frá Íslandi) eftir því hvort gagnaflutningurinn var ætlaður til endursölu hefðbundinna vara fjarskiptafélaga eða vegna gagnavera og starfsemi þeirra sérstaklega. Byggði sú aðgreining á umsögn Farice og upplýsingum um ólík viðskiptakjör gagnaflutnings vegna þjónustu í gagnaverum.
21. Af gögnum málsins má ráða að [...]. Í ljósi takmarkaðra áhrifa samrunans og niðurstöðu málsins þarf ekki að taka endanlega afstöðu til markaðsskilgreininga, [...]. Í umfjöllun um áhrif samrunans verður því fjallað um gagnaflutningsþjónustu fyrir viðskiptavinum gagnavera.

3. Samkeppnisleg áhrif samrunans

22. Telji Samkeppniseftirlitið að samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða styrkist, eða verði til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, getur stofnunin ógilt samruna, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga.

Sjónarmið samrunaaðila

23. Að mati Ardian er ekkert sem bendir til þess að hin fyrirhuguðu viðskipti komi til með að raska samkeppni eða hafa skaðleg áhrif á neytendur með nokkrum hætti. Markaðsráðandi staða verði hvorki til né styrkist hún á skilgreindum mörkuðum málsins og þá telja samrunaaðilar að það sé útilokað að samruninn geti raskað samkeppni á markaði að öðru leyti með umtalsverðum hætti, hvort heldur á Íslandi eða annarsstaðar.
24. Þá vísa samrunaaðilar til þess að samruninn komi ekki til með að hafa nokkur lárétt áhrif á markaðinn fyrir gagnaver hérlendis, þar sem engin staðbundin skörun sé á starfsemi félaganna á þeim markaði. Þá komi samruninn ekki til með að hafa efnisleg lóðrétt áhrif þar sem lóðrétt tengsl samrunaaðila séu verulega takmörkuð. Hvað varðar samsteypuáhrif vísa samrunaaðilar til þess að almennt hafi samsteypusamrunar ekki í för með sér samkeppnishamlandi áhrif, enda geti þeir oft leitt til verulegrar hagræðingar og haft jákvæð áhrif gagnvart neytendum. Þá telja samrunaaðilar að ekki séu fyrir hendi skilyrði til þess að samruninn geti leitt af sér samkeppnishamlandi áhrif í formi útilokunaráhrifa, þ.e. að keppinautar geti útilokast frá tilteknum markaði.

Mat Samkeppniseftirlitsins

25. Samkeppniseftirlitið telur ekki að um sé að ræða lárétta skörun í starfsemi samrunaaðila þar sem Ardian hvorki á né rekur gagnaver á Íslandi. Koma því til skoðunar möguleg lóðrétt- og/eða samsteypuáhrif af völdum samrunans.

Gagnaversmarkaður



26. Í samrunaskrá voru veittar áætlaðar upplýsingar um markaðshlutdeild gagnavera m.v. hámarksafkastagetu:

Félag	Hámarksafkastageta	Markaðshlutdeild
[...]
...
...
...
...
<i>Samanlagt</i>	...	<i>100%]</i>

27. Samkeppniseftirlitið hefur aflað upplýsinga um tekjur Verne á gagnaversmarkaði og helstu keppinauta þess. Þrátt fyrir að starfandi séu fleiri en 3 gagnaver á Íslandi þá verður að ætla að gagnaver Verne, AtNorth og Borealis séu samtals með yfir 90% markaðshlutdeild, sé miðað við upplýsingar úr samrunaskrá um afkastagetu í MW.



Félag	Tekjur 2023 í USD	Markaðshlutdeild mv. tekjur árið 2023	MW (meðaltal selds afls í MW 2023)	Markaðshlutdeild mv. meðaltal selds afls í MW árið 2023
Verne	[...]	[...]	[...] MW	[...]
AtNorth	[...]	[...]	[...] MW	[...]
Borealis	[...]	[...]	[...] MW	[...]
Aðrir		0-5%	0-5 MW	0-5%
Samtals	[...]	100 %	[...] MW	100%

28. Samkvæmt framangreindu er ljóst að hvort sem miðað er við hámarksafkastagetu, meðaltal selds afls í MW eða tekjur fyrir árið 2023, fer markaðshlutdeild Verne ekki yfir 50% á markaði fyrir gagnaver hér á landi.

Gagnaflutningur og fjarskiptamarkaðir

29. Í svarbréfi Ardian, dags. 9. febrúar 2024 er fjallað nánar um gagnaflutningsþjónustu. Þar segir að [...]
30. Líkt og áður var fjallað um hefur verið gerður greinarmunur á gagnaflutningi um útlandasambönd eftir því hvort um hefðbundinn gagnaflutning fjarskiptafélaga er að ræða eða gagnaflutning vegna gagnavera. Samkeppniseftirlitið aflaði upplýsinga frá Farice ehf., en félagið fer með umsjón og rekstur tveggja sæstrengja, FARICE-1 og DANICE. Félagið starfar á heildsölumarkaði og viðskiptavinir þess eru fjarskiptafyrirtæki og stærri viðskiptavinir gagnavera. Samkeppniseftirlitið aflaði upplýsinga frá Farice um tíu stærstu félögin sem kaupa sérstök útlandasamband fyrir gagnver í heildsölu af Farice.
31. Ljóst er af framangreindu að [...]
32.]
33. Samkeppniseftirlitið óskaði, til viðbótar við framangreint, umsagnar frá Fjarskiptastofu, en bæði Míla og Verne eru skráð fjarskiptafyrirtæki hjá Fjarskiptastofu. Í svari Fjarskiptastofu kom fram að Fjarskiptastofa teldi ekki ástæðu til að senda formlega umsögn vegna samrunans þar sem [...] Auk þess hvíli kvaðir á Mílu samkvæmt ákvörðun Póst- og fjarskiptastofu nr. 21/2015 sem náí m.a. til þeirra tengistaða Farice sæstrengsins sem staðsettir væru hjá Mílu. Að mati Fjarskiptastofu styðji [...]
34. [...] Verne sé hlutlaust gagnver, sem feli það í sér að viðskiptavinum þess standi til boða gagnaflutningsþjónusta frá ólíkum flutningsaðilum á Íslandi. Þannig kemur m.a. fram í svarbréfi Ardian dags. 9. febrúar 2024, að slíkt hlutleysi [...]
35. Fyrirliggjandi gögn gefa til kynna að ekki sé lárétt skörun í starfsemi samrunaaðila, þrátt fyrir að bæði Verne og Míla séu skráð fjarskiptafyrirtæki hjá Fjarskiptastofu. Að því er varðar lóðrétt tengsl Mílu og Verne er til þess að líta að lóðréttir samrunar eru almennt séð ólíklegir til að raska samkeppni í skilningi 17. gr. c samkeppnislaga. Þeir geta falið í sér jákvæð áhrif í formi hagræðingar. Þeir geta þó haft skaðleg áhrif í formi samstillingar eða útilokunar. Slík áhrif geta komið fram hafi hið sameinaða félag getu og hvata til að útiloka keppinauta á fráliggjandi markaði eða keppinautar á aðliggjandi markaði eða efra sölustigi séu útilokaðir frá viðskiptum á neðra sölustigi.



36. Við mat á því hvort samruninn geti leitt til þess að keppinautar séu útilokaðir frá mikilvægum birgja, t.d. með verðhækkun eða sölusynjun, þarf hið sameinaða félag að hafa bæði getu og hvata til þess að standa að slíkri útilokun. Almennt séð koma slík útilokunaráhrif eingöngu til skoðunar ef um er að ræða mikilvægt aðfang fyrir neðra sölustig. Þá verður hið sameinaða félag að hafa verulega markaðshlutdeild á aðliggjandi markaði eða neðra sölustigi til þess að slík útilokunaráhrif leiði til röskunar á samkeppni. Að því er varðar lóðrétt áhrif samrunans þá [...] Þá liggur fyrir að þótt markaðshlutdeild Verne á gagnaversmarkaði sé nokkur þá virðist félagið þurfa að þola erlent samkeppnislegt aðhald enda skiptar skoðanir um hvort umræddur markaður sé landsbundinn eða alþjóðlegur. Þá hefur áður verið fjallað um litla markaðshlutdeild Mílu í gagnaflutningi vegna gagnavera. Það er því mat Samkeppniseftirlitsins að hvorki Verne né Míla séu í aðstöðu til þess að útiloka eða hækka kostnað keppinauta sinna.
37. Að því er varðar möguleg samsteypuáhrif samrunans þá koma þau til skoðunar í þeim tilvikum sem aðilar samrunans eru hvorki í láréttu né lóðréttu sambandi en eru starfandi á tengdum mörkuðum. Almennt valda samsteypusamrunar ekki röskun á samkeppni en geta þó gert það í afmörkuðum tilvikum. Birtist það einkum í svokölluðum útilokunaráhrifum með vogarafshægðun, þ.e. hið sameinaða félag notfærir sér sterka stöðu á einum markaði til þess að að auka við hlutdeild sína á öðrum tengdum markaði, ýmist með samtvinnun eða vöndlun eða annars konar útilokandi háttsemi. Vísbendingar eru um að markaður fyrir gagnaver annars vegar og viðkomandi markaðir fjarskiptaþjónustu og gagnaflutnings hins vegar séu tengdir markaðir í framangreindum skilningi. Til þess að möguleg skaðleg samsteypuáhrif samruna í formi útilokunaráhrifa raungerist verði samrunaaðilar að hafa bæði getu og hvata til að standa að slíkri háttsemi.
38. Með hliðsjón af öllu framangreindu og öðrum gögnum málsins liggur að mati Samkeppniseftirlitsins ekki fyrir að samrunaaðilar hafi bæði getu og hvata til þess að beita útilokun keppinauta og þar með valda sennilegi og umtalsverðri röskun á samkeppni vegna samrunans þannig að tilefni sé til íhlutunar af þeirri ástæðu. Með hliðsjón af framangreindu verður ekki séð að samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða skapist eða styrkist eða að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Mun Samkeppniseftirlitið því ekki aðhafast frekar vegna samrunans. Var rannsókn og meðferð málsins lokið fyrr eða hinn 5. mars 2024 með bréfi til samrunaaðila.

I. Ákvörðunarorð:

„Kaup sjóða undir yfirráðum Ardian France SA á Verne Global DC HoldCo Limited og öðrum tengdum félögum telst samruni í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til að aðhafast frekar í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson